



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. janúar 2018.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot), 148. löggjafarþing 2017 -2018. Þingskjal nr. 10 – 10. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og tekur heilshugar undir efni þess.

Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. vísað til samnings Evrópuráðsins um forvarnir og varnir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbulsamningurinn). Í ákvæði 36. gr. samningsins sem tekur til nauðgunar, er mælt fyrir um að í refsilöggjöf um nauðgun skuli fyrst og fremst líta til þess hvort samþykki viðkomandi liggja fyrir en ekki hvaða verknaðaraðferðum var beitt. Endurspeglar ákvæðið niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu M.C. gegn Búlgaríu, eins og vísað er til í greinargerðinni, en þar segir að löggjöf um nauðgun þar sem ofuráhersla eða höfuðáhersla er lögð á verknaðaraðferðir fremur en hvort samþykki brotþola hafi legið fyrir, brjóti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Er það því jafnt álit Mannréttindadómstólsins sem og útgangspunktur í Istanbulsamningnum að það sé ekki valdbeitingin heldur skortur á samþykki sem sýni fram á nauðgun.

Í ljósi þess er að framan greinir er að mati MRSÍ nauðsynlegt að breyta 194. gr. hegningarlaga til samræmis við Istanbulsamninginn og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Því til viðbótar sem fram er komið skal bent á skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála en þar segir m.a. orðrétt:

„Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kærenda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu.“

Ljóst er að í íslenskum rétti er enn fyrst og fremst litið til verknaðaraðferða fremur en þess hvort samþykki brotþola hafi legið fyrir. Þungamiðjan í skilgreiningum á kynferðisbrotum ætti hins vegar að vera hvort kynfrelsi, athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarréttur brotþola hafi



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

verið virt. Meðan engin breyting verður á núverandi fyrirkomulagi verður ekki séð að ákvæði Istanbulsamningsins séu uppfyllt sem er forsenda þess að samningurinn geti talist fullgiltur af Íslands hálfu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri